

Ársskýrsla æskulýðsnefndar Dreyra 2016



Tinna Björg, 6 ára og Skíma

Árið 2016 var haldið reiðnámskeið fyrir börn og unglínga í Dreyra.

Námskeiðið skiptist í þrjú bóklega tíma þar sem farið var yfir gangtegundirnar, líkamsparta hests, ásetur og fleira. Þá voru fjórir verklegir tímar þar sem

nemendur komu með sína hesta og var farið yfir gangtegundir, ásetu ofl og einn

tíma þar sem nemendur smíðuðu og skreyttu sitt eigið höfuðleður.

Á námskeiðinu voru 12 nemendur og skemmtu allir sér konunglega og lærðu ýmislegt nýtt auk þess sem krakkarnir kynntust enn betur. Kennari var

Sigríður Þorsteinsdóttir



Hrefna Rún og Brynja Dís 9 ára í höfuðleðurgerð



Þrjú hress í reiðtíma



Keppendur og hestar á Páskamóti Dreyra 2016

Á föstudaginn langa var haldið hið árlega páskamót æskulýðsnefndarinnar. Á þessu páskamóti mega öll börn og unglingar taka þátt og er mótið í formi þrautabrautar þar sem tímataka er. Keppt var í þremur flokkum, þau sem teymt var undir, þau sem gengið var með án taums og svo þau sem gátu farið sjálf. Keppendur voru kvattir til að mæta í búning og með hesta sína skreytta og er metnaðurinn í þessum skreytingum meiri og meiri með hverju árinu. Allir keppendur fengu páskaegg fyrir þátttökuna auk þess sem bestu tímarnir í hverjum flokk auk flottasta parsins (búningur og skreyttur hestur) fengu auka páskaegg. Verðlaunaafhendingin fór fram í félagsheimili Dreyra og var þar boðið upp á kaffi og vöffur handa öllum. Frábær dagur og voru keppendur rúmlega 20 þetta árið.



Verðlaunaafhending - allri komnir með egg :)

Dreyri sendi þrjá keppendur til keppni í yngri flokkum á LM á Hólum. Fyrir LM var boðið upp á æfingar þar sem Haukur og Randy á Skáney komu og fóru yfir prógram með keppendum auk þess sem félagsmenn voru margir hverjir tilbúnir til að aðstoða keppendur. Þessum stelpum gekk öllum ágætlega og eru Dreyramenn stoltir af sínum keppendum sem allar voru að keppa í fyrsta sinn á stórmóti. Á æfingunum hjá Hauk og Randy voru allir áhugasamir krakkar velkomnir og voru það 6 frambærilegir krakkar sem mættu á æfingar þó svo að

aðeins þrjár þeirra hafi farið á stórmót.



Ester Þóra 13 ára og Ýmir frá Akranesi á Landsmóti 2016

Stefnt er að því að vera enn öflugri á næsta ári þar sem margir flottir krakkar komu fram á námskeiðinu 2016 sem eru fullir áhuga og horfum við því björtum augum til framtíðarinnar og höldum fast í þá von að fá reiðhöll á Æðarodda einn daginn. Því með reiðhöll opnast tækifæri á að geta verið með markvisst fræðslu- og æskulýðsstarf inni allan veturinn. Það væri draumur.

Æskulýðsnefnd Dreyra

01/10/16